

2021 nr. 105 25. júní

Lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda

Tóku gildi 14. júlí 2021.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **þjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. *Markmið.*

□ Markmið laga þessara er að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka gagnsæi við meðferð mála og hagkvæmni í stjórnsýlu og tryggja örugga leið til að miðla gögnum til einstaklinga og lögaðila. Jafnframt er það markmið laganna að meginboðleid stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila verði stafræn og miðlæg á einum stað.

■ 2. gr. *Pósthólf.*

□ Starfrækja skal stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda í samræmi við ákvæði laga þessara.

□ Ráðherra ber ábyrgð á að starfrækt sé stafrænt pósthólf. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að fela öðrum ríksaðila að annast rekstur þess og umsjón.

□ Allir einstaklingar sem fá útgefna kennitölu samkvæmt lögum um skráningu einstaklinga og allir lögaðilar sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá á hverjum tíma samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá hafa aðgang að sínu eigin stafræna pósthólfi.

□ Birtingaraðili telst ábyrgðaraðili að birtingu persónuupplýsinga á hans vegum í stafrænu pósthólf. Rekstraraðili stafræns pósthólfss telst vinnslaðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

□ Með starfrækslu stafræns pósthólfss eru gögn gerð aðgengileg með birtingu þeirra í pósthólfinu en vistun þeirra er áfram hjá birtingaraðila.

■ 3. gr. *Aðgangur að pósthólfi.*

□ Einstaklingur og fulltrúi lögaðila hafa aðgang að eigin pósthólfi í miðlægri þjónustugátt með rafrænni auðkenningu sem metin er fullnægjandi til sannvottunar samkvæmt lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

□ Einstaklingur og fulltrúi lögaðila, sem hafa aðgang að pósthólfi í miðlægri þjónustugátt skv. 1. mgr., geta veitt öðrum aðila aðgang að gögnum sem pósthólfid inniheldur.

□ Forsjáraðilar barna skulu hafa aðgang að gögnum í pósthólfí þeirra fram til þess að þau ná 18 ára aldri nema annanleið af sérákvæðum í lögum.

□ Aðili, sem falið er á grundvelli laga að gæta hagsmuna einstaklings eða lögaðila, skal hafa aðgang að pósthólfi viðkomandi.

■ 4. gr. *Birting gagna.*

□ Í stafrænu pósthólf skal birta hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem verða til við meðferð máls hjá stjórnvöldum, svo sem tilkynningar, ákvarðanir, úrskurði, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar.

□ Birtingaraðili ber ábyrgð á þeim gögnum sem hann birtir í pósthólfviðtakanda.

□ Verði töf á birtingu gagna skal rekstraraðili pósthólfss gera birtingaraðila viðvart.

□ Birtingaraðilum er heimilt að birta í stafrænu pósthólfi bæði almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar einstaklinga eins og þær eru skilgreindar í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

■ 5. gr. *Gjaldtaka.*

□ Óski einstaklingur eða lögaðili eftir því við birtingaraðila að fá gögn á annan hátt en í stafrænu pósthólfi er birtingaraðila heimilt að innheimta gjald vegna slíkrar þjónustu til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af umbreytingu og afhendingu gagnanna. Gjald skal miðast við kostnað við að veita þjónustuna og skal það standa straum af launakostnaði, sérstökum efniskostnaði sem þjónustunni tengist og öðrum umsýslukostnaði.

■ 6. gr. *Birtingaraðilar.*

□ Opinberum aðilum, þ.e. ríki, sveitarfélögum, stofnumum þeirra og öðrum opinberum aðilum, er skyldt að birta gögn í stafrænu pósthólfi.

□ Ráðherra skal með reglugerð ákveða hvaða öðrum aðilum er heimilt að birta gögn í stafrænu pósthólfi og hvaða skilyrði þeir burfa að uppfylla.

■ 7. gr. *Réttaráhrif.*

□ Þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt viðtakanda. Þar sem í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum er kveðið á um að gögn skuli birt á ákvæðinn hátt, svo sem með auglýsingu, símskeytti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birtning í stafrænu pósthólfi metin fullgild.

■ 8. gr. *Meðferð persónuupplýsinga.*

□ Meðferð og vinnsla persónuupplýsinga sem fylgir starfrækslu pósthólfssins skal hverju sinni uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

□ Kröfum um aðgang að upplýsingum á grundvelli annarra laga eða samkvæmt dómi skal beint til viðkomandi birtingaraðila.

■ 9. gr. *Reglugerðarheimild.*

□ Ráðherra er skyldt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

1. Rekstur og umsjón með pósthólfi, sbr. 2. mgr. 2. gr.
2. Nánari útfærslu á aðgangi að pósthólfi, sbr. 3. gr.

3. Skilyrði og takmarkanir fyrir afhendingu gagna á annan hátt, sbr. 5. gr.

4. Aðra aðila en opinbera sem heimilt er að birta gögn í pósthólfinu, sbr. 2. mgr. 6. gr.

5. Nánari skilyrði um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr., svo sem grundvöll og tilgang vinnslu og mat á nauðsyn hennar samkvæmt lögum, þar á meðal um þær vinnsluaðgerðir sem birtingaraðilum eru heimilar.

■ 10. gr. *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. er heimilt að innleiða skyldu til birtingar í áföngum. Ráðherra skal eigi síðar en fyrir lok árs 2021 gefa út áætlun um stafræna birtingu af hálfu ríksaðila og sveitarfélaga, sem skal að fullu innleidd í síðasta lagi 1. janúar 2025. Listi yfir birtingaraðila og hvaða gögn eru birt af þeirra hálfu skal vera birtur í miðlægu þjónustugáttinni þar til innleiðingu er lokið.